

ÓFJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

SÖGUR AF STAFRÓFSSÚPU, AFLÁTSBRÉFUM OG VILLTA VESTRINU

INGI POULSEN
ÞRÖSTUR OLAF SIGURJÓNSSON

Saga ófjárhagslegrar upplýsingagjafar er stutt en hefur mikilvægt forspárgildi fyrir sjálfbærnivegferðir fyrirtækja

Ástæða rannsóknar



Stutt en
mikilvæg saga

- Lagaskylda á ákvæðin fyrirtæki af tiltekinni stærð og gerð til að miðla ófjárhagslegum upplýsingum innleidd árið 2016.
- Innleiðing tilskipunar Evrópusambandsins um ófjárhagslegar upplýsingar.
- Lítt rannsakað viðfangsefni hér á landi.



Aukin áhrif
upplýsinganna

- Ófjárhagslegir þættir orðnir þýðingarmeiri í rekstri fyrirtækja.
- Ófjárhagslegar upplýsingar notaðar í auknum mæli fyrir dómstólum.
 - Eru notaðar sem sönnunargögn um háttsemi fyrirtækja.
 - Mikil aukning í dómsmálum sem varða UFS þætti og krafa um breytta háttsemi.




Breytingar
framundan

- Fyrir liggur að lagaskyldan verður útvíkkuð verulega í náinni framtíð.
 - Frá 11.000 félögum í Evrópu til 49.000 félaga.
 - Lítil og meðalstór fyrirtæki munu þurfa að greina frá ófjárhagslegum upplýsingum.
- Innsýn þeirra sem hafa fengist við upplýsingagjöf hefur mögulega forspárgildi fyrir þau fyrirtæki sem eiga eftir að hefja sína vegferð.

Rannsóknin fjallar um ferli sjálfbærniskýrslugerðar sem er að jafnaði lokaáfangastaður sjálfbærnivegferðar fyrirtækja

Hefðbundin sjálfbærnivegferð fyrirtækja



Þrjár ráðandi kenningar reyna að útskýra hvað ræður því hvaða upplýsingum fyrirtæki ákveða að miðla

Kenningafræðilegur bakgrunnur

Upplýsingagjöf
fyrirtækja

Haghafakenning

Haghafakenningin lítur á ófjárhagslega upplýsingagjöf fyrirtækja sem grundvallar drifkraft í þeirri viðleitni fyrirtækjanna að miðla upplýsingum um starfsemina með það að markmiði að mæta áhyggjum og afstöðu haghafa til ólíkra þátta í starfseminni, til dæmis sjálfbærni.

Lögmætiskenning

Kenningin leggur til að félög taki stefnumiðaðar ákvarðanir um miðlun upplýsinga til þess að koma á framfæri skilaboðum til samfélagsins um að þau séu hæf og samfélagslega ábyrg í þeim tilgangi að öðlast, viðhalda eða endurheimta lögmæti.

Stofnanakenning

Kenningin byggir á því að fyrirtæki greini frá sjálfbærniupplýsingum í þeim tilgangi að uppfylla lög, reglur og viðmið sem eru ríkjandi innan viðkomandi sviðs og leitist þannig alltaf við að skapa einsleitni. Lögmæti fyrirtækisins felist umfram annað í að fylgja gilandi lögum og viðmiðum og tilheyra einleitu umhverfi.

Lagaskyldan er um margt óljós, ákvæði opin og gefa rými til að skilgreina söguna sem ófjárhagslegar upplýsingar eiga að segja

66. gr. d laga nr. 3/2006 um ársreikninga



- [66. gr. d. Ófjárhagsleg upplýsingagjöf.
- [Félög skv. 9. tölul. 2. gr. og félög sem falla undir d-lið 11. tölul. 2. gr. og móðurfélög stórra samstæðna skulu láta fylgja í yfirliti með skýrslu stjórnar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins. Að lágmarki skal fjalla um umhverfis-, samfélags- og starfsmannamál og gera grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum.] ¹⁾ Yfirlitið skal enn fremur innihalda eftirfarandi:
 - a. [hnitmiðaða] ²⁾ lýsingu á viðskiptalíkani félagsins,
 - b. lýsingu á stefnu félagsins í tengslum við mál samkvæmt þessari grein, ásamt lýsingu á því hvaða áreiðanleikakönnunarferli félagið framfylgir,
 - c. yfirlit yfir árangur af stefnu félagsins í málum samkvæmt þessari grein,
 - d. lýsingu á megináhættum sem tengjast þessum málum í rekstri félagsins, þ.m.t., eftir því sem við á og í réttu hlutfalli, um viðskiptatengsl þess, vörur eða þjónustu, sem líkleg eru til að hafa skaðleg áhrif á þessum sviðum, og hvernig félagið tekst á við þá áhættu og
 - e. ófjárhagslega lykilmælikvarða sem eru viðeigandi fyrir viðkomandi fyrirtæki.
- Ef félagið hefur ekki stefnu í tengslum við eitt eða fleiri mál samkvæmt þessari grein skal gera skýra og rökstudda grein fyrir því í yfirlitinu.
- Í yfirlitinu skv. 1. mgr. skulu einnig, þar sem við á, koma fram frekari skýringar varðandi upphæðir sem greint er frá í ársreikningi.
- Þegar félag sem um ræðir í 1. mgr. gerir samstæðureikning er nægilegt að upplýsingar skv. 1.–2. mgr. nái eingöngu til samstæðunnar.
- Dótturfélag er undanþegið upplýsingagjöf skv. 1.–3. mgr. ef 4. mgr. á við [enda komi þessar upplýsingar fram í skýrslu stjórnar í samstæðureikningi móðurfélags og dótturfélaga þess]. ³⁾ ²⁾

¹⁾L. 102/2020, 5. gr. ²⁾L. 73/2016, 42. gr.



Staða félagsins

Upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins.



UFS upplýsingar

Að lágmarki fjalla um umhverfis-, samfélags- og starfsmannamál, mannréttindamál og spillingar- og mútumál.



Viðskiptalíkan félagsins

Stefnumótun, árangur, áhættuþættir, ófjárhagslegir lykilmælikvarðar.

Leiðbeiningar og lögskýringargögn einfalda ekki hlutina

Hvernig á að túlka þessa óljósu lagaskyldu?



Lögskýringargögn

„Í b-lið 1. mgr. er vísað til áreiðanleikakönnunarferlis sem félagið framfylgir og segir í tilskipuninni að miða skuli við aðferðir sem þróaðar hafa verið innan lands, innan ESB eða alþjóðlega. **Undanfarin ár hafa þróast ýmsar aðferðir við samfélagsskýrslugerð** sem hlotið hafa alþjóðlega viðurkenningu og **er gert ráð fyrir að slíkar aðferðir séu notaðar.** Má þar nefna Global Reporting Initiative (GRI), ISO 26000 eða Global Compact stöðuskýrslur, sem notaðar eru af fjölda fyrirtækja víða um heim.“



Stafrófssúpan

Hundruð ólíkra viðmiða, staðla og ramma um ófjárhagslegar upplýsingar.



Leiðbeiningar Evrópusambandsins

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sendi frá sér leiðbeiningar um túlkun tilskipunar sambandsins um ófjárhagslega upplýsingagjöf en þær eru ekki bindandi og vísa í stafrófssúpuna eftir atvikum. Þessar leiðbeiningar eru þó lykilþáttur í eftirliti með upplýsingagjöfinni og því mikilvægt að félög þekki þær.

Rannsóknar- spurning

1

Hver er upplifun stjórnenda og ráðgjafa af ferli ófjárhagslegrar upplýsingagjafar?

2

Hvert er viðhorf stjórnenda og ráðgjafa til þeirra áhrifa sem ófjárhagsleg upplýsingagjöf hefur á rekstur og starfsemi fyrirtækja?

3

Hver er afstaða þeirra til tækifæra og áskorana til framtíðar litið?

Rannsóknin lýsir gildandi rétti og breytingum framundan en byggir einnig á gögnum sem fundin eru með eigindlegri aðferðafræði

Aðferð

Eigindleg
aðferðafræði

Viðtöl

- 8 viðmælendur – hálfstöðluð viðtöl.
- Stjórnendur, endurskoðendur, ráðgjafar og starfsmenn hins opinbera.
- Allir með mikla reynslu af ófjárhagslegri upplýsingagjöf.


Greining

- Grunduð kenning.
- Viðtölin greind með línu fyrir línu kóðun.
- 5 meginþemu og 4 undirþemu.

Rannsóknargögnin sýndu fimm þemu og fjögur undirþemu

Niðurstöður

- 1 Skilningur á hugtakinu ófjárhagslegar upplýsingar.
- 2 Áhrif löggjafar og lögbundins eftirlits.
- 3 Ferli ófjárhagslegrar upplýsingagjafar.
 - 3.1 Hvatar að baki upplýsingagjöfinni.
 - 3.2 Áhrifaþættir gagnvart umfangi og gæðum upplýsinganna.
 - 3.3 Notkun sjálfbærnivísa.
 - 3.4 Staðfestingarferli.
- 4 Áhrif ófjárhagslegrar upplýsingagjafar á rekstur og starfsemi.
- 5 Tækifæri og áskoranir til framtíðar.



Hugtakið ófjárhagslegar upplýsingar er villandi, ósamræmt og á reiki

1 Skilningur á hugtakinu ófjárhagslegar upplýsingar

- Úrelt hugtak.
- Hugtakið dregur úr vægi upplýsinganna.
- Sjálfbærniupplýsingar/UFS upplýsingar.
- Ófjárhagslegar upplýsingar eru fjárhagslegar.
- Þrengri skilningur viðmælenda en skilningur laganna?

Innleiðing lagaskyldu kom fyrirtækjum af stað en hefur lítil áhrif á ferli upplýsingagjafarinnar.

2 Áhrif löggjafar og lögbundins eftirlits

Áhrif löggjafar

- Innleiðing lagaskyldunnar hefur komið fyrirtækjum af stað en hefur litla þýðingu í dag.
- Óskýrleiki laganna hjálpar ekki ferlinu.
- Lagaákvæðið hefur fært málaflokkinn nær fjármálastjórum, regluvörðum og endurskoðendum og sett málið á dagskrá hjá fleiri hagaðilum.
- Skráðu fyrirtækin miðla ófjárhagslegum upplýsingum umfram lagaskyldu.
- Sjálfbærnivísar og viðmið í huga viðmælanda réttthærri lögnum.

Áhrif eftirlits

- Eftirlitið mikilvægt og hefur að einhverju leyti áhrif á upplýsingagjöfina.
- Eftirlitið veikburða, bæði fjárhagslega og þekkingarlega.
- Á sama tíma engin þekking á leiðbeiningum ESB sem hefur lykilhlutverk í eftirlitinu.

Hvatar að baki upplýsingagjöfnni hafa þróast hratt og snúa helst að kröfum frá haghöfum, hegðun samkeppnisaðila og markaðstækifærum

3.1

Ferli ófjárhagslegra upplýsinga – *Hvatar að baki ófjárhagslegri upplýsingagjöf?*

- Lögin eru opin og veita rými til að ákveða hvaða upplýsingum er miðlað og þá fara hvatarnir að skipta máli.
- Hvatarnir hafi þróast mikið á stuttum tíma.
- Fyrirtæki með erlendar tengingar upplifa þrýsting frá fjárfestum, greiningaraðilum og viðskiptavinum.
- Hegðun helstu samkeppnisaðila og þeirra fyrirtækja sem standa sig best í málaflokknum.
- Orðspor og orðsporsáhætta eða skandalar.
- Markaðs- og ímyndartækifæri.

Verkfæri, gagnaaðgengi, fjárhagslegur ávinningur og þrýstingur haghafa hefur mestu áhrifin á umfang og gæði upplýsinganna

3.2

Ferli ófjárhagslegra upplýsinga - Áhrifaþættir gagnvart umfangi og gæðum upplýsinganna

- Aðferðin og verkfærin sem eru í boði hverju sinni.
- Gagnaaðgengi hefur áhrif á umfang og gæði og sér í lagi þann hluta sem snýr að losun gróðurhúsalofttegunda.
- Sjáanlegur ávinningur – það hvort stjórnendur sjái viðskiptalegar forsendur fyrir vinnunni og setji nægar auðlindir í að reyna að skilja sjálfbærniupplýsingar, með starfsfólki og fjármagni.
- Krafa haghafa, sér í lagi fjárfesta og hluthafa og auknar kröfur í alþjóðlega umhverfinu.
- Árangur í sjálfbærniþáttum.
- Kostnaður hefur óverulegri þýðingu eftir því sem félögin eru stærri.

Val á sjálfbærnisum ræðst af viðmiðum á markaði, fyrri háttsemi og bestu framkvæmd en svarar ekki alltaf þörfum fyrirtækja

3.3

Ferli ófjárhagslegra upplýsinga – Notkun sjálfbærnisá

Hvað ræður vali á sjálfbærnisum?

- Mikilvægisgreiningin er þýðingarmesti þátturinn í að byrja að móta sjálfbærnisöguna og valið á sjálfbærnisá ætti að miðast við þá greiningu.
- Auðveldara að gera meira en minna en GRI ætti ekki alltaf að vera helsta viðmiðið.
- Erfitt að breyta um notkun sjálfbærnisá frá fyrri skýrslum en vísbendingar um vilja til að stíga skref til baka.
- Háttsemi samkeppnisaðila hefur þýðingu við valið.
- Félög með erlendar tengingar undir þrýstingi um að miðla meira efni en minna og beita umfangsmeiri sjálfbærnisum.
- Sjálfbærnisarnir þurfa umfram annað að ávarpa haghafa út frá þeirra þörfum.

Helstu kostir og gallar notkunar sjálfbærnisá

Kostir

- Vel skilgreindir, geti skapað samhæfingu, hæfilega sveigjanlegir, minnka líkur á grænþvotti, auki trúverðugleika og minnka líkurnar á að fyrirtækjum yfirsjáist eitthvað, krefjast hlutlægarinnubragða, byggja undir traust og samanburðarhæfni milli ára.

Gallar

- Auðvelt að láta þá vinda upp á sig, auðvelt að gera ársskýrslu sem er algjört bákni og fjallar um ótengda þætti.
- Fjöldi og flækjustig og óaðgengileiki fyrir leikmann innan fyrirtækisins.
- Yfirflæði upplýsinga - Villta vestrið.

Óháð staðfesting upplýsinganna er lykilatriði í að tryggja gæði og trúverðugleika þeirra en er kostnaðarsamt ferli

3.4

Ferli ófjárhagslegra upplýsinga – *Staðfestingarferli*

- Óháð staðfesting er lykilatriði í að tryggja gæði og trúverðugleika upplýsinganna.
- Ferlið er langt og rétt er að byrja snemma til að ná „staðfestingarhæfni“.
- Endurskoðendur njóta mesta traustsins sem staðfestingaraðilar vegna starfshátta, menningar starfsstéttarinnar og innri reglusetningu.
- Áskorun fyrir endurskoðendur sem þurfa að tileinka sér nýja þekkingu.
- Besti árangurinn næst með þverfaglegri nálgun.
- Kostnaður er hár og hefur í för með sér fælingarmátt.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf hefur áhrif á fjármögnun, stefnumótun, stjórnarhætti, vinnustaðamenningu og eykur á langtímahugsun

4

Áhrif ófjárhagslegrar upplýsingagjafar á rekstur og starfsemi

- Ófjárhagsleg upplýsingagjöf getur verið upphafið af sjálfbærnivegferð fyrirtækja.
- Hefur áhrif, bein og óbein, á marga þætti í rekstri og starfsemi.
- Fjárhagsleg áhrif, aðgengi að fjármagni.
- Áhrif á stefnumótun – sjálfbærni samþætt í alla stefnumótun.
- Stjórnarhættir – sjálfbærnimálin færast ofar í skipuriti og eignarhaldið verður skýrara.
- Vinnustaðamenning styrkist og styður við sjálfbærnivegferð.
- Eykur langtímahugsun, hjálpar til við að auka nýjum víddum við langtímahugsun og ófjárhagslegar upplýsingar eru oft góður mælikvarði á langtímahugsun stjórnenda.
- Orðsporsáhætta – eykur grænþvottaáhattu – auðvelt að nálgast sem aflátsbréf.

Við erum talsvert á eftir en getum gert hlutina hratt. Framtíðarheldni fyrirtækja byggir að stórum hluta á sjálfbærnivegferð þeirra

5 Tækifæri og áskoranir til framtíðar

- Erum langt á eftir öðrum þjóðum en höfum allar forsendur til þess að gera hlutina hratt.
- Aukin sjálfvirkivæðing, sérstaklega fyrir stærri fyrirtæki getur auðveldað upplýsingaferlið.
- Skýrari aðkoma hins opinbera, efling lagaramma og skýrari leiðbeiningar frá eftirlitsaðilum.
- Ytri staðfesting – byrja snemma og gera fyrirtæki „staðfestingarhæf“.
- Framtíðarheldni fyrirtækja byggir á því hvernig þeim tekst að finna leiðir til að flétta sjálfbærni inn í almennt rekstrar og starfsumhverfi þeirra og efla þannig starfsemi, samkeppnihæfni og framtíðarhorfur.
- Tengja ófjárhagslega upplýsingagjöf við viðskiptalíkönin. Tryggja að upplýsingarnar feli ekki í sér grænþvott af einhverju tagi.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf er oftast en ekki upphafið af sjálfbærnivegferð fyrirtækja og hefur margþætt áhrif á rekstur

Umræður og lokaorð

- Helstu niðurstöður
 - Ófjárhagsleg upplýsingagjöf getur verið upphafið af sjálfbærnivegferð fyrirtækja.
 - Haghafar eru í lykilstöðu til að hafa áhrif á upplýsingagjöfina og þannig sjálfbærnivegferðina.
 - Ófjárhagsleg upplýsingagjöf hefur margþætt bein og óbein áhrif á rekstur og starfsemi fyrirtækja og myndar hringrás hvata, umfangs og áhrifa.
 - Sjálfbærnimál þurfa að vera staðsett ofarlega í stjórnendalögum og lúta skýru eignarhaldi.
 - Lykilþáttur í gæðum, samanburðarhæfni og trúverðugleika upplýsinganna er ytri staðfesting þeirra.
- Rannsóknin varpar ljósi á tengsl laga við sjálfbærnivegferðir fyrirtækja.
- Styður erlendar rannsóknir.
- Niðurstöður gagnlegar fyrir fjölda fyrirtækja sem þurfa að brátt að miðla ófjárhagslegum upplýsingum.